

## **104. Þingflokksfundur, miðvikudaginn 15. apríl 2015, kl. 13.00**

Fundinn sitja: Alla, Birgitta, Helgi Hrafn, Jón Þór og Svavar Kjarrval.  
Berglind Rósa ritar fundargerð.

### **1. Fundargerðir**

Frestað.

### **2. Action Items**

Farið var yfir action items.

### **3. Dagskráin í dag**

Farið var yfir dagskrá þingfundar í dag. Helgi Hrafn og Birgitta taka til máls í störfum þingsins.

### **4. Sérstakar umræður á morgun (hleranir og forvirkar rannsóknarheimildir)**

Málshefjandi er Birgitta og til andsvara er innanríkisráðherra. Helstu áherslur eru úrskurðir dómstóla um heimildir til hlerana, forvirkar rannsóknir lögreglu og leiðir til aukins réttaröryggis.

### **5. Bríf úr nefndum**

Jón Þór brífaði úr efnahags- og viðskiptanefnd þar sem kaup skattrannsóknarstjóra á skattaupplýsingum voru til umræðu. Helgi Hrafn brífaði úr velferðarnefnd þar sem almannatryggingar voru til umræðu. Birgitta brífaði úr útlendingalaganefnd og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þar sem lekamálið var m.a. til umfjöllunar.

### **6. Bríf af IPU**

Birgitta brífaði af þingi IPU og gerði grein fyrir ályktuninni sem hún vinnur að.

### **7. Staða í fíkniefnanefndinni**

Helgi Hrafn gerði þingflokknnum grein fyrir stöðu mála í nefndinni sem á að skila skýrslu 1. maí nk.

### **8. Staða Píratamála (forgangsröðun)**

OPCAT, jafnt aðgengi að internetinu og afnám refsingar við guðlasti bíða nefndarálits. Ákveðið að byrja á gerð nefndarálita um jafnt aðgengi og guðlast. Birgitta leggur til að Helgi tali við forseta um að fá þingmálahalann á dagskrá.

### **9. Mögulegar fyrirspurnir / störf þingsins - rætt síðar**

- a. Úthlutanir ferðamálastofu.
- b. Mútugreiðslur (OECD).
- c. Læknanemar í Slóvakíu.
- d. Skýrsla um fjarskiptainviði (net neutrality).
- e. Tekjur auðkennis af rafrænum skilríkjum.

### **10. Önnur mál**

Stutt umræða fór fram um form samráðsfundanna. Fleira var ekki rætt.